

Mál nr. 499/2011

M

og

V (vátryggingafélag)

v/málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar

Ágreiningur um hvort um undanskila áhættu sé að ræða í tengslum við kaup á sumarhúsi og um frest til að krefjast meðferðar úrskurðarnefndar.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 02.12. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 29.12. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M fer fram á viðurkenningu á bótaskyldu úr málskostnaðartryggingu vegna ágreinings sem hann á við seljanda sumarhúss sem hún keypti sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að mál þetta varði vátryggðan sem eiganda fasteignar sem fellur utan fjölskyldutryggingar. Félagið telur og að “vátryggður hafi skotið málinu of seint til úrskurðarnefndarinnar” og því glatað rétti til bóta sbr. 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Félagið hafnaði bótaskyldu með tölvupósti til vátryggðs, dags. 25.11. 2010.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Álit

Í 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga er þess getið að ef félagið hafnar kröfu vátryggðs í heild eða hluta glatar hann rétti til bóta ef hann hefur ekki hföðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað sbr. nánar ákvæðið.

Líkt og fyrr segir telur vátryggingafélagið að vátryggður hafi glatað rétti til bóta sbr. nefnt ákvæði. Með vísan til framanritaðs og 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga er máli þessu vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Frávísun.

Reykjavík 26. janúar 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.